

Nd. **563. Frumvarp til laga** [185. mál]
um framlengingu á gildi laga nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands.

Flm.: Ólafur Thors.

1. gr.

Lög nr. 33 7. maí 1928, um skattgreiðslu h/f Eimskipafélags Íslands, skulu gilda árið 1955, enda verji félagið tekjuafgangi sínum, þá er það hefur greitt hluthöfum 4% arð, venjuleg sjóðstillög og útsvar samkvæmt framangreindum lögum, til kaupa á skipum eða á annan hátt í þágu samgöngumála.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt samkvæmt beiðni stjórnar Eimskipafélags Íslands, en félagið hefur svo sem kunnugt er, notið skattviltana allt frá árinu 1928. Sýnt þykir, að ekki verði sett á þessu þingi lög um skattgreiðslu hlutafélaga, og þykir því rétt, að Eimskipafélag Íslands njóti enn á þessu ári fyrri skattfríðinda.